

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið eftirfarandi:

1. að banna stöðu ökutækja við norðurkant Réttarháls frá Hálsabraut að innkeyrslu að Réttarhálsi 2,
2. að banna stöðu ökutækja við vesturkant Vatnsstígs frá afmörkuðu bílastæði við Vatnsstíg 21 að Lindargötu,
Bannið er táknað með umferðarmerkinu B21.11 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra,
3. að afmörkuð verði tvö samsíða bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða við Laugaveg 77.
Bílastæðin eru merkt með umferðarmerkinu D01.21 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra,
4. að Smiðjustígur á milli Laugavegar og Hverfisgötu verði vistgata.
Vistgata er táknað með umferðarmerkinu D14.11 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

F.h. lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, 21. febrúar 2017,

Jón H.B. Snorrason aðstoðarlögreglustjóri.